

72. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd 10. ágúst 2005, kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Erla Friðriksdóttir, Guðmundur Kristinsson, Þorgrímur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð Erlu Friðriksdóttur bæjarstjóra velkomna á fundinn.

Formaður setti fund og stjórnaði.

Dagskrá.

1. Haraldur Sigurðsson sækir um að byggja bílskúr og stækkun á lóð við Bókhöðustíg nr. 10, samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Stefánssyni arkitekt. Erindið var í grenndarkynningu frá 24. júní til 22. júlí '05. Athugasemdir bárust frá Pétri Erni Sveinssyni f.h. Ingibjörgu Þorvaldsdóttur, dags. 19. júlí 2005 og bréf frá Láru Ingólfssdóttur og Páli Ásgeirssyni dags. 28.07.'05. Stærðir...

Athugasemdir voru lagðar fram og ræddar. Staðsetning á bílskúr samþykkt sbr. teikningar frá 26.05.'05, en hámarkshæð á bílskúr skal vera 50 sm lægri en teikningar sýna. Samþykkt að veita stækkun á lóð samfara þessu. Gjöld samtals...

2. Gunnar Jónsson, Arnar Geir Ævarsson og Kristinn Pálsson óska eftir að byggja frjánhús í nýræktarlandi Stykkishólmsbæjar eftir teikningu frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni dags. 1.07.'05. Stærðir 72 m², 216 m³.

Erindi samþykkt. Þorgrímur Kristinsson sat hjá. Gjöld samtals....

3. Ásthildur Sturludóttir sækir um lóðarstækkun við Skólastíg 5, samanber bréf.

Erindi frestað þar til lokið er við hönnun á Höfðagötu.

4. Tillaga formanns um að flytja húsið við Aðalgötu 19, (Jaðar), yfir á reit P við Laufásveg samkvæmt skipulagi.

Þorgrímur Kristinsson lagði fram frávísun vegna ófullnægjandi gagna. Formaður bar frávísunina undir atkvæði. Atkvæði féllu þannig: Þorgrímur samþykkur, Gretar á móti og Guðmundur sat hjá. Frávísun féll á jöfnu. Tillagan síðan borinn upp. Þar féllu atkvæði að Greta var samþykkur, Þorgrímur á móti og Guðmundur sat hjá. Tillagan féll á jöfnu.

5. Staðsetning á geymslusvæði við gámastöðina Snoppu.

Lagt er til að staðsetning geymslusvæðis verði vestan við sorpstöðina Snoppu.

6. Stuart K. Hjaltalín sækir um að breyta skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði að Skúlagötu 10.

Nefndin samþykkir að breyta skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði ef svefnherbergi verður minnst 8 m² að stærð samkvæmt byggingarreglugerð.

7. Kristinn Bjarnason sækir um að byggja bílskúr að Laufásvegi 3, samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK dags. sept. '04. 38.2 m², 138.1 m³.

Erindi samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu atkvæði Þorgríms Kristinssonar. Gjöld samtals....

8. Breyting á lóðarstærð við Víkurgötu 1, samkvæmt tillögu byggingarfulltrúa.

Erindi samþykkt.

9. Unnur Steinsson f.h. Eflingar sækir um staðsetningu á tveimur gönguleiðaskiltum við Grensás gönguleið sbr. bréf dags. 3.ágúst '05.

Erindi samþykkt. Staðsetning í samráði við byggingarfulltrúa.

10. Fjölur Sigurjónsson sækir um að staðsetja 20 feta gám norðan við húsið Skólastíg 12 ásamt hjólhýsi sbr. tölvupóst .

Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi á gám fram til 1. júní, 2006. Stöðuleyfi á hjólhýsi er hafnað.

11. Emil og Bergur hf, sækja um grafrarleyfi á fimm íbúða raðhúsi við Borgarhlíð1-9, samkvæmt teikningum og skipulagi frá Glámu – Kím.

Erindi samþykkt.

12. Önnur mál

12.a. Nefndin ítrekar þörf á endurskoðun lögreglusamþykktar Stykkishólmsbæjar, ekki síst er varðar stæði fyrir stóra bíla.

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 20:15.

Gretar D. Pálsson (sign)
Guðmundur Kristinsson (sign)
Þorgrímur Kristinsson (sign)
Þorbergur Bæringsson (sign)
Erla Friðriksdóttir (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)